

Aðalskipulag Súðavíkurhrepps

Drög að skipulagstillögu

Haf og strönd

11. maí 2018

Haf og strönd - yfirlit

- Skipulagsskylda sveitarfélaga
- Nýtingaráætlun vestfirskra sveitarfélaga
- Stefna Súðavíkurhrepps varðandi nýtingu á haf- og strandsvæðum




Djúpið og skipulagsmál

- Skipulagsskylda á Íslandi nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga (netlaga) en þessi mörk miðast við línu sem liggur 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Engar skipulagsáætlanir ná því yfir svæðin utan þessarar línu.
- Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa í sameiningu unnið markvisst að því skipuleggja haf- og strandsvæðin. Árið 2014 samþykktu sveitarfélög við Arnarfjörð nýtingaráætlun fyrir fjörðinn.
- Í kjölfarið hófst sambærileg vinna sveitarfélaga við Djúp. Þeirri vinnu hefur ekki verið lokið en nú liggur fyrir alþingi frumvarp um skipulag á haf- og strandsvæðum.
- Ísafjarðardjúp er auðugt af auðlindum og eru þær mjög mikilvægar efnahagslega fyrir svæðið. Skynsamleg nýting þeirra og öflugir innviðir eru grundvöllur fyrir eflingu atvinnulífs og forsendur öflugrar byggðar í Súðavíkurbreppi.



Nýtingaráætlanir sveitarfélaga á Vestfjöðrum



Innihald og framsetning

- Í sérstökum **viðauka** með aðalskipulagi Súðavíkurhrepps verður sett fram **stefna** hreppsins m.t.t. nýtingar á haf- og strandsvæðum. Sérstaklega verður fjallað um
 - Efnistöku
 - Eldi og ræktun
 - Sjávarútveg
 - Ferðapjónustu og útivist
 - Menningarminjar
 - Hlunnindanýtingu og aðra nýtingu
 - Innviði og samgöngur



Stefna

- Það er stefna Súðavíkurhrepps að Ísafjarðardjúp og auðlindir hans verði nýttar á fjölbreyttan og sjálfbæran hátt. Í því felst vel skipulögð nýting þar sem áhersla er lögð á langtímahagsmuni við verðmætasköpun, verndun lífríkis og umhverfis. Íbúar skulu njóta afraðsturs þeirrar verðmætasköpunar sem fram fer í tengslum við nýtingu fjarðarins en jafnframt að eiga kost á að njóta annarra gæða svæðisins, svo sem útivistar og annarrar afþreyingar sem erfiðara er að verðleggja.



Markmið

- Að í Ísafjarðardjúpi verði svigrúm fyrir fjölbreytta nýtingu.
- Að auðlindir svæðisins verði nýttar á sjálfbæran hátt og með vistkerfisnálgun að leiðarljósi, þannig að þær gagnist íbúum svæðisins sem best, með aukinni atvinnu og bættum lífsgæðum en raski sem minnst náttúru og menningarverðmætum.
- Að gert verði sérstakt skipulag fyrir haf- og strandsvæði Ísafjarðardjúps í sátt við og með beinni aðkomu íbúa og hagsmunaaðila.





Heilindi
Metnaður
Frumkvæði